

fjárkláða, eiga að færast niður í 10 kr., er tilfalla fátækra sjóði Álptaneshrepps, og breytist lögreglu dómurinn að þessu leyti.

Svo ber hinum kærða auk málskostnaðar eptir undirrettardóminum og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Meðferð málsins í hjerði, svo og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum kærða Eyjólf Jónssyni ber að greiða 10 krónur í sekt til fátækra sjóðs Álptaneshrepps. Að öðru leyti á undirrettardómurinn óraskaður að standa. Svo ber og kærða að lúka öllum kostnaði af áfrýjun málsins til þessa rjettar, þar á meðal málaflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna P. Melsteðs og G. Pálssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júlímán.

Nr. 11/1878:

Rjettvísín

gegn

Guðríði Helgadóttur.

Dómur:

Með aukarjettardómi Reykjavíkur kaupstaðar dags. 20. júní þ. á. er hin ákærða Guðríður Helgadóttir, sem er fædd 12. ágúst 1852 og ekki fyrr hefur sætt hegningu, dæmd í 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað og í málskostnað, þar á meðal til hins skipaða talsmanns hennar, málaflutningsmanns P. Melsteðs 10 kr., og er dómi þessum áfrýjað af hálfu hins opinbera.

Með eigin játningu og öðrum upplýsingum er sannað, að hin ákærða í aprilmánuði þ. á., þá er hún var við vinnu í húsi einu í Reykjavík, hafi af borði í stofu þar stolið vasaúri, virtu á 16 kr., og var úr þetta undir rannsókn málsins afhent eigandanum. Brot þetta er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 230. gr. hegningarlaganna, og virðist hegningin fyrir það einnig hæfilega metin af undirdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð og ber því að staðfesta undirrjettardóminn bæði í þessu tilliti og eins að því er snertir málskostnað í hjeradi; svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns hjer við rjettinn, 10 krónur til hvors þeirra.

Við meðferð málsins í hjeradi er það að athuga, að undirdómarinn hefur tekið málið upp til dóms og dæmt það, áður en honum höfðu borizt frá hlutaðeigandi sýslumönnum hegningarvottorð þau fyrir hina ákærðu, sem hann hafði beðið um, en þau vottorð hafa verið lögð fram fyrir yfirdóminum.

Í annan stað verður eigi á það fallist, að undirdómarinn, í stað þess, svo sem vera ber, að rita í dómsgjörðirnar öll rjettarskjölin, hefur látið vörn hins setta talsmanns og annað fylgiskjal fylgja með í frumriti. Sókn og vörn málsins fyrir yfirrjetti hefur verið lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins á óraskaður að standa; svo borgi og hin ákærða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málafiutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors um sig í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.